

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um fjölda bifreiðastyrkja til fatlaðra og lánskjör þeirra við bifreiðakaup.

Fyrirspurnin hjóðar svo:

1. Hvaða breytingar hafa orðið á árlegum fjölda bifreiðastyrkja fyrir fatlaða frá 1995?
2. Hvernig hafa lánskjör bifreiðakaupalána til fatlaðra breyst frá 1995?

Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins voru styrkir sem veittir voru til bifreiðakaupa á árunum 1995–2002 eins og sést í eftirfarandi töflum.

Bifreiðakaupastyrkir.

	Tegund	Fjöldi	Kr.	Fjöldi	Kr.
1995	Lægri styrkur	600	235.000		
1996	Lægri styrkur	335	235.000		
1997	Lægri styrkur	335	235.000		
1998	Lægri styrkur	335	235.000		
1999	Lægri styrkur	375	235.000		
2000	Lægri styrkur	375	250.000	20	500.000
2001	Lægri styrkur	375	250.000	20	500.000
2002	Lægri styrkur	375	250.000	20	500.000

	Tegund	Fjöldi	Kr.
1995	Hærri styrkur	50	700.000
1996	Hærri styrkur	50	700.000
1997	Hærri styrkur	50	700.000
1998	Hærri styrkur	50	700.000
1999	Hærri styrkur	60	700.000
2000	Hærri styrkur	60	1.000.000
2001	Hærri styrkur	60	1.000.000
2002	Hærri styrkur	60	1.000.000

Tryggingastofnun ríkisins hefur veitt lán til bifreiðakaupa á grundvelli heimilda frá tryggingaráði. Hvíla lánveitingarnar á gamalli venju þar sem ekki er kveðið á um heimild til slíkra lánveitinga í lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum. Núverandi lánveitingar byggjast á reglum tryggingaráðs sem settar voru 5. nóvember 1999. Upplýsingar um lánskjör tímabilið 1995–2002 sem fram koma í töflunni eru frá Tryggingastofnun ríkisins.

Bifreiðakaupalán.

	Lánstími	Vextir	
1995	4 ár	1%	
1996	4 ár	4%	
1997	4 ár	4%	
1998	3 ár	9,20%	kjörvextir
1999	3 ár	8,2–9,2%	kjörvextir
2000	3 ár	13,10%	kjörvextir
2001	3 ár		kjörvextir
2002	3 ár	12,20%	kjörvextir